

## **Jafningjamat byggt á vettvangsheimsóknum**

### **Markmið**

Í lögum um framhaldsskóla er skólum gert að meta starf sitt. Mjög mikilvægt er að skapa matsramma fyrir fjarnám Verzlunarskóla Íslands. Markmiðið er að tryggja gæði fjarnámsáfanga, til jafns við áfanga dagskólans. Á haustönn 2008 er gert ráð fyrir að framkvæma nemendakönnun þar sem fjarnemendur verða spurðir um gæði fjarnáms og fjarkennslu. Til að undirbúa það verður núna á vorönn 2008 farið út í jafningjamat sem fer þannig fram að fjarkennarar heimsækja áfanga hvers annars, litast þar um og gefa umsögn sína. Tilgangurinn er tvíþættur: Annars vegar að sá kennari sem gestkomandi er geti lært af því sem hann sér og hins vegar að ábendingar hans geti nýst hinum kennaranum til að betrubæta sinn áfanga.

### **Framkvæmd**

Kennarar fá aðgang að áföngum hverra annarra í tværvikur. Á þeim tíma er þeim ætlað að fara inn í áfangann og litast þar um. Á meðan þeir skoða sig um, fylla þeir út matsblöð sem þeir svo skila til fjarnámsstjóra. Fjarnámsstjóri ljósritar matsblaðið og kemur til kennara áfangans. Auk viðkomandi kennara, fá stjórnendur skólans aðgang að útfylltum matsblöðum. Fjarnámsstjóri tekur svo saman almennar niðurstöður og kynnir fyrir fjarkennurum.

Kennarar sem taka þátt í matinu, verða settir inn í fjarnámsáfanga undir nafni. Matið á að byggja á faglegri þekkingu kennara á kennslu. Mikilvægt er að kennari sem sér um mat á áfanga sýni kennara sem kennir áfangann fullan trúnað.

Áfangar sem eru kenndir núna eru 139, þar af eru 12 áfangar sem ekki eru formlega í boði, þeir eru nokkurs konar „huldufjarnámsáfangar“. Því þarf að heimsækja 127 áfanga. Fjarkennarar þessa önnina eru 46 og þyrfti því hver kennari að heimsækja 2-3 áfanga til að dekkja þá alla. Skólinn borgar kennara laun í eina klukkustund fyrir að skoða hvern áfanga. Miðað er við launataxta fjarnámsins sem er 3405 krónur á klukkustund, alls mun því þessi vinna kosta skólann 432 000 krónur. Ef einhver kennari vill ekki þessa vinnu, þá þarf hann að láta fjarnámsstjóra vita, en allir áfangar verða skoðaðir.

Áður en matsvinnan fer í gang, fá fjarkennarar tíma og aðstoð við að taka til í áföngum sínum í kennslukerfinu.

### **Vinnutilhögun**

- 3. mars: Fundur með fjarkennurum þar sem málið er kynnt.
- 4. mars: Fjarnámsstjóri sendir kennurum gátlista sem þeir geta notað til að taka til í áföngum sínum og lagfæra þá áður en matsvinnan fer í gang. Fjarkennarar fá þá einnig í hendurnar drög að matsblaði sem verður notað við matið.
- 3.-14. mars: Fjarkennarar taka til í áföngum sínum. Fjarnámsstjóri aðstoðar þá sem þess óska, ýmist á vinnutíma, eða í lok vinnudags í fyrirfram auglýstum vinnustofum.
- 26. mars – 11. apríl: Fjarkennarar fá matsblað í hendurnar og framkvæma matið.
- 14. apríl: Matsblaði skilað til fjarnámsstjóra, kennarar fá matsblöð sín í hendurnar.
- 21. apríl: Fjarnámsstjóri skilar skýrslu um niðurstöður mats.